

04/03/2025

Starfsskýrsla 2024

Skýrsla Breiðafjarðarnefndar til
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	2
Skipan Breiðafjarðarnefndar	2
Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar	2
Fundir Breiðafjarðarnefndar	3
Kostnaður við störf nefndarinnar	3
Starfsemi á árinu 2024	5
Dagleg starfsemi	5
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	5
Umsögn um erindi	5
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	5
Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022- 2025	5
Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar	6
Áherslumál Breiðafjarðarnefndar árið 2024	7
Örnefnaskráning	7
Búðarnes undir Kirkjufelli	8
Gróðurrannsókn í eyjum Breiðafjarðar	8
Rannsókn á framandi tegundum í sjó á Breiðafirði	9
Endurheimt Hraunsfjarðar	10
Framtíð Breiðafjarðar	10
Lokaorð	11

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa ekki verið gerðar efnislegar breytingar á þeim; eingöngu smávægilegar breytingar vegna breytinga á öðrum lögum sem þau tengjast. Hægt er að skoða lögina á heimasíðu Alþingis, sbr. <https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er, samkvæmt ákvörðun ráðherra, vísuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, sem fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. Ráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Sitjandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 4. ágúst 2021. Hana skipa eftirtaldir:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Karl Kristjánsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Ólafur Helgi Haraldsson.
- Valdís Einarsdóttir, tilnefnd af Dalabyggð, til vara Eyjólfur Ingvi Bjarnason.
- Arnar Kristjánsson, tilnefndur sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Steinunn I. Magnúsdóttir.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Þór Ingólfsson Hjaltalín.
- Sigurður Halldór Árnason, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar

Jakob Stakowski, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, vann með Breiðafjarðarnefnd í 25% starfshlutfalli á árinu.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt 9 nefndarfundi á árinu 2024, þar af þrjá staðfundi og sex fjarfundi.

Nefndin fundaði með umhverfis-, orku og loftslagsráðherra til að ræða málefni Breiðafjarðar í vettvangsferð sinni þann 8. júlí 2024.


Allir fjarfundir nefndarinnar árið 2024 fóru fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Fundafyrirkomulagið á Teams reynist vel við vinnu Breiðafjarðarnefndar þar sem fulltrúar hennar eru staðsettir allt í kringum Breiðafjörð og á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin mun áfram nýta þann möguleika fyrir meirihluta funda. Hún stefnir þó áfram á að hittast jafnframt á staðfundum u.þ.b. tvisvar á ári.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem birtar hafa verið á heimasíðu nefndarinnar¹.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar árið 2024 skv. fjárlögum námu 13 milljónum kr. Mynd 1 hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til Breiðafjarðarnefndar til ársins 2024, leiðréttar fyrir breytingum á launavísitölu. Samkvæmt þeim útreikningum hefur verðgildi framlagsins dregist mikið saman á tímabilinu og var um 52% lægra árið 2024 en það var árið 2003.



Mynd 1: Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar frá 2003-2024, leiðréttar fyrir breytingum á launavísitölu.

¹ <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/fundargerdir/>

Í töflunni 1 hér að neðan má sjá yfirlit yfir ráðstöfun fjárveitinga nefndarinnar árið 2024. Rekstur nefndarinnar var neikvæður og voru gjöld 316.000 krónur umfram tekjur.



Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2024	
Rekstrartekjur	Bókað
	2024
Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum.....	13.000.000
Flutt frá fyrra ári.....	
Tekjur alls	13.000.000
Rekstrargjöld	Bókað
	2024
Rekstur nefndar	
Nefndalaun	1.445.000
Launatengd gjöld	
Náttúrustofa skv. þjónustusamningi	5.146.747
Sími, internet og lén.....	39.120
Vextir, bætur, skattar.....	
Tölvuþjónusta.....	30.000
Annar kostnaður.....	
SAMTALS	6.660.867
Fundagjöld	
Akstur	383.638
Dvalarkostnaður	321.200
Dagpeningar.....	
Fargjöld.....	
Veitingar.....	208.851
Vettvangsferð.....	742.230
Annar kostnaður	
SAMTALS	1.655.919
Kostnaður við rannsóknir og verkefni:	
Styrkir til rannsóknaverkefna.....	5.000.000
Bæklingagerð.....	
Prentun bæklinga.....	
Flutningur bæklinga.....	
Annar kostnaður.....	
SAMTALS	5.000.000
Rekstrargjöld alls	13.316.786
Rekstrarniðurstaða	2024
Tekjur samtals:	13.000.000
Gjöld samtals:	13.316.786
Afkoma	-316.786

Tafla 1: Rekstraryfirlit Breiðafjarðarnefndar á árinu 2024.
Nefndarlaun vegna ársins 2023 voru bókfærð á árið 2024.

Starfsemi á árinu 2024

Dagleg starfsemi

Breiðafjarðarnefnd sinnir málefnum Breiðafjarðar en starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sinnir daglegum störfum og verkefnum. Helstu daglegu störf Breiðafjarðarnefndar eru eftirfarandi en síðar í þessari skýrslu er fjallað um áherslumál nefndarinnar.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir, umsagnir, framkvæmdaáætlun og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun auk annarra skýrslna sem nefndin hefur komið að eða látið vinna í tengslum við vernd náttúru og menningar á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Umsögn um erindi

Á árinu 2024 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Samtals bárust Breiðafjarðarnefnd nýu mál til umsagnar og voru öll erindi vegna skipulagsmála og um frumvörp og reglugerðir.

Umsagnir Breiðafjarðarnefndar frá 2024 eru allar aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar².

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Breiðafjörður - Náttúra og saga“, „Fuglalíf á Breiðafirði“, „Hlunnindanýting á Breiðafirði“ og „Öryggi og umgengni á Breiðafirði“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er dreift án endurgjalds, m.a. til ferðaþjónustuaðila við Breiðafjörð, auk þess sem þeir eru aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar³.

Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022- 2025

Breiðafjarðarnefnd samþykkti framkvæmdaáætlun 2022- 2025 á starfstímabilinu. Tilgangur áætlunarinnar er að auðvelda yfirsýn yfir þau verkefni sem Breiðafjarðarnefnd hefur samþykkt og verkefni sett fram í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019. Framkvæmdir og verkefni Breiðafjarðarnefndar á árinu 2024 er hægt að sjá í töflu 2 hér á eftir.

² <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/umsagnir/>

³ <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/04/baeklingur-2019.pdf>

Framkvæmdaáætlun ársins 2024					
i.d.	Verkefni	Tímarammi	Ábyrgðaraðili	Forsenda	Staða
2024.1	Starfsskýrsla 2023	Jan-mars	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	Lokið
2024.2	Fjárhagsáætlun 2024	Jan-mars	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	Lokið
2024.3	Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-205 - Endurskoðun	Jan-mars	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur, stefnumörkun	Lokið
2024.4	Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir vernd Breiðafjarðar	Jan-	Breiðafjarðarnefnd	Samstarf	í vinnslu
2024.5	Uppfærsla heimasíðu	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	í vinnslu
2024.6	Endurskoðun verndaráætlunar	Jan-des	Náttúrustofa Vesturlands,	Rekstur	í vinnslu
2024.7	Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Fræðsla	í vinnslu
2024.12	Endurheimt Hraunsfjarðar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir	í vinnslu
2024.8	Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar - Eftirfylgni	Mars-júní	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir	Lokið
2024.9	Örnefnaskráningar - Verkhloti 2022-2023 - Eftirfylgni	Mars-júní	Náttúrufræðistofnun Íslands	Rannsóknir	Lokið
2024.10	Rannsókn um ágengar og framandi tegundir í höfnum við Breiðafjörð 2023-2025	Mars-des	Breiðafjarðarnefnd, Náttúrustofa Suðvesturlands	Rannsóknir	í vinnslu
2024.11	Náttúruannsóknastöð - Undirbúningur I	Mars-des	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur, stefnumörkun	í vinnslu
2024.13	Vettvangsferð	sumar	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	Lokið

Tafla 2: Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2024. Heimild:
<http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/framkvaemdaaetlun/>

Nánar er hægt að lesa um framkvæmdir og verkefni Breiðafjarðarnefndar á árinu 2024 í framkvæmdaáætlun á heimasíðu nefndarinnar⁴ og fjallað er um stærri verkefni síðar í þessari skýrslu í kafla um áherslumál Breiðafjarðarnefndar 2024.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Hefð er fyrir því að Breiðafjarðarnefnd fari í eina vettvangsferð um verndarsvæðið á sumri hverju. Tilgangur vettvangsferðar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, ásamt því sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar, t.d. umsögnum hennar um framkvæmdir. Síðan 2020 hafa vettvangsferðir líka fengið það hlutverk að koma Breiðafjarðarnefnd saman þar sem flestir fundir nefndarinnar eru orðnir fjarfundir og gefst nefndarfólki því ekki oft tækifæri til að hittast í raunheimum. Ekki spillir svo fyrir að ráðherra hefur oft komið í ferðirnar og er tækifærið þá notað til fundarhalds með honum um verndarsvæðið og verkefni ráðuneytis og nefndar.

Breiðafjarðarnefnd ákvað að fara um Breiðafjarðareyjar árið 2024 til að heimsækja nokkrar eyjar sem tilheyra verndarsvæðinu, þar á meðal Flatey, Svefneyjar og Hvallátur. Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir úr ferðinni.

⁴ <https://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2024/02/Framkvaemdaaetlun-2022-2025.pdf>



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, fór með Breiðafjarðarnefnd í ferðina og fundaði með nefndinni í Flatey. Á fundinum voru rædd nokkur málefni Breiðafjarðarnefndar, þar á meðal niðurstöður stýrihóps um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun og hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar. Hægt er að lesa um fundinn í fundargerð 205. fundar Breiðafjarðarnefndar, sem nálgast má á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Áherslumál Breiðafjarðarnefndar árið 2024

Breiðafjarðarnefnd vinnur nokkur áhersluverkefni á starfstímabilinu 2021-2025. Nefndin setti sér það markmið árið 2022 að leggja enn meiri áherslu á rannsóknir og aðra þekkingaröflun um Breiðafjörð í þeim tilgangi að efla og varðveita þekkingu um menningu og náttúru svæðisins. Afurð þess má sjá í rannsóknarvinnu sem hófst 2022 og hélt áfram 2024.

Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd gerði árið 2024 samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um framhald örnefnaskráningar. Verksamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands gildir

fyrir vinnu ársins 2024 og er gert ráð fyrir að verkefnið klárast í ársbyrjun 2025. Náttúrufræðistofnun mun kynna niðurstöður verkefnis fyrir Breiðafjarðarnefnd samkvæmt samningi.

Þorvaldur Þór Björnsson, starfsmaður Náttúrufræðistofnunar, vinnur verkefnið á vettvangi samkvæmt eigin áætlun. Verkefnið er á lokametrunum þar sem einungis lítið svæði við norðanverðan Breiðafjörð á eftir að greina með tilliti til örnefna. Þekking á örnefnum fer almennt þverrandi og telur nefndin mikilvægt að halda skráningu þeirra áfram og að afrakstur verkefnisins skili sér til almennings í gegnum kortagrunn Landmælinga Íslands (nú Náttúrufræðistofnunar).

Nefndin hefur um árábil tekið þátt í fjármögnun örnefnaskráningar á verndarsvæðinu og hafa nokkrir aðilar komið að þeim verkefnum. Nefndin gerði fyrst samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði árið 2019 og felur verkefnið í sér skráningu örnefna eyja, skerja og flæðiskerja á Breiðafirði. Stór hluti verkefnisins snýr að því að hafa samband við heimamenn og aðra þá sem þekkja til örnefna á Breiðafirði, bæði til að leita uppi örnefni og staðfesta þau. Þannig er hægt að staðfesta áður skráð örnefni og skrá önnur sem ekki hafa áður verið skráð. Þorvaldur Þór Björnsson sér um að safna örnefnunum og Anette Theresia Meier sér um flutning landupplýsinga í kortagrunn Náttúrufræðistofnunar.

Hægt er að skoða örnefni í örnefnasjá Landmælinga Íslands⁵.

Búðarnes undir Kirkjufelli

Breiðafjarðarnefnd og Sævar Pálsson gerði samstarfssamning árið 2024 um að vinna að verkefninu Búðarnes undir Kirkjufelli. Verkefnið skráir og gerir aðgengilega upplýsingar um jörðina Búðarnes undir Kirkjufelli við Grundarfjörð.

Breiðafjarðarnefnd tekur þátt í fjármögnun og miðlun upplýsinga. Árið 2024 var vefsíða stofnuð fyrir verkefnið og er hægt að nýta sér hlekk á forsíðu heimasíðu Breiðafjarðarnefndar til að komast á hana. Með aðstoð Breiðafjarðarnefndar verða svo í kjölfarið sett upp skilti með QR kóða víða á svæðinu svo fólk geti leitað sér upplýsingar um svæðið við verndarsvæði Breiðafjarðar.

Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd fjármagnaði rannsókn á gróðurfari 22 eyja á sunnanverðum Breiðafirði árið 2014. Niðurstöður hennar voru birtar í skýrslu 2018. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar⁶.

Árið 2022 ákvað Breiðafjarðarnefnd að láta gera hliðstæða rannsókn á fleiri svæðum. Leitað var til Náttúrustofu Vestfjarða, sem skráði gróður á völdum eyjum við Skarðsströnd á norðaustanverðum

⁵ Landmælingar Íslands. Örnefnasjá. <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>

⁶ Norwegian Institute for Bioeconomy research. (2018). *Iceland, Breiðafjörður, vegetation, mapping, plant species, overgrowing, birdlife*. <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2022/04/Vegetation-mapping-of-islands-in-Breidafjordur-West-Iceland-2018-2.pdf>

Breiðafirði sumarið 2023. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar opinberlega árið 2024 og eru þær aðgengilegar á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar⁷.

Við kortlagningu vistgerða voru níu landvistgerðir skráðar og tveir flokkar af manngerðu landi. Hvönnin var mjög útbreidd um allar eyjarnar og einnig melgresi, reygresi, njóli og túnsúra. Verndargildi þeirra vistgerða sem skráðar voru á eyjunum var mismikið en umfangsmesta vistgerðin á eyjunum var sjávarkletta- og eyjavist, sem hefur hátt verndargildi. Í flestum eyjunum voru votlendi, ýmist sem hægt var að skilgreina sem starungsmýravist eða gulstararflóavist, en oftast óx það mikið af hvönn í þeim að flokka þurfti votlendið í undirflokk sjávarkletta og eyjavistar (L7.7.6 starungsmýri/hvönn og L7.7.7 gulstararflói/hvönn).

Áhugavert var að sjá hversu misjafnt beitarálagið var á milli eyja og á milli mismunandi svæða á eyjunum, en mikið var um æðarfugl og sást töluvert af gæsa- og álftaskít, þótt þessar tegundir hafi ekki verið áberandi meðan á athugunum stóð.

Með gróðurrannsókninni vill Breiðafjarðarnefnd stuðla að betri þekkingargrunni um gróður á eyjum Breiðafjarðar, sem hefur þegar breyst vegna breyttrar landnotkunar (þar á meðal sauðfjárbætur) og minnkaðrar búsetu í eyjum. Þetta getur haft áhrif á landslag, sem er eitt af því sem verndað er samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, og getur sömuleiðis haft í för með sér áhrif á jarðveg og dýralíf verndarsvæðisins. Í því samhengi er m.a. mikilvægt að afla þekkingar um framandi og ágengar tegundir til að geta frekar komið í veg fyrir skaðlegar breytingar af þeirra völdum. Úttekt á borð við þessa getur nýst til vöktunar og við áframhaldandi vinnu við mat á verndargildi svæðisins og undirbúningsvinnu við frekari verndaráform.

Rannsókn á framandi tegundum í sjó á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd hóf samstarf við Náttúrustofu Suðvesturlands árið 2023 um rannsókn á útbreiðslu framandi tegunda í sjó í Breiðafirði.

Framandi tegundir eru í dag taldar önnur helsta ógnin við líffræðilegan fjölbreytileika á heimsvísu. Fram til ársins 2015 var málaflokkur framandi tegunda í sjó ekki sinnt að neinu ráði á Íslandi. Þá veitti Náttúrustofa Suðvesturlands málaflokknum heimili og frá þeim tíma hefur þekktur fjöldi framandi tegunda í sjó við Ísland meira en tvöfaldast. Náttúrustofa Suðvesturlands býr í dag yfir helstu sérþekkingu á framandi tegundum í sjó við Ísland.

Náttúrustofa Suðvesturlands gerði áætlun um rannsókn á framandi tegundum í höfnum við Breiðafjörð í apríl 2023 sem Breiðafjarðarnefnd samþykkti sama ár. Samstarf sem skapaðist í kjölfarið fól í sér að náttúrustofan ynni rannsóknarverkefni til ársins 2025. Vettvangsvinnan hófst í ágúst 2023 þar sem búnaður var festur við flotbryggjur í höfnum við Flatey og Brjánslæk. Búnaðurinn var endurheimtur haustið 2024 og er greining sýna og úrvinnsla gagna hafin.

⁷ Breiðafjarðarnefnd. (2024). *Gróður og vistgerðir í eyjum á Breiðafirði*. <https://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2024/12/Grodurannsoknir-i-eyjum-i-Breidafirdi.pdf>

Niðurstöður rannsóknar verða gerðar aðgengilegar almenningi þegar þær liggja fyrir snemma á árinu 2025.

Endurheimt Hraunsfjarðar

Breiðafjarðarnefnd samþykkti vorið 2023 að skoða mögulega endurheimt Hraunsfjarðar en sjávarföll í firðinum voru takmörkuð verulega með byggingu stíflu við Mjósund á níunda áratug tuttugasta alda. Nefndin kynnti sér Hraunsfjörð í vettvangsferð sinni í ágúst 2023 og fékk kynningu um svæðið frá sérfræðingi Hafrannsóknarstofnunar, Sigurði Má Einarssyni. Sigurður sagði frá mögulegum afleiðingum og ráðlagði Breiðafjarðarnefnd um framhald verkefnisins.

Nefndin vann greinargerð vorið 2024 þar sem hugmyndir hennar um mögulega endurheimt voru teknar saman og málinu var vísað áfram til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sem gaf nefndinni grænt ljós á að vinna verkefnið áfram í samráði við hagsmunaaðila á svæðinu.

Breiðafjarðarnefnd átti fund með landeigendum um málið í lok 2024 til að kynna fyrir þeim hugmyndir hennar um endurheimt Hraunsfjarðar. Eftir stendur að vinna úr þessum fundi og skipuleggja verkefnið áfram á árinu 2025, þar sem nefndin gerir ráð fyrir að fjármagna grunnrannsóknir á svæðinu.

Framtíð Breiðafjarðar

Þann 18. janúar 2021 sendi Breiðafjarðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra erindi með tillögum sínum um framtíð verndar, nýtingar og stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skýrslan ber nafnið „Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar“ og er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar⁸.

Í kjölfarið skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, stýrihóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun vorið 2022. Meðal fulltrúa sem sátu í stýrihópnum var formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, og var starfsmaður Breiðafjarðarnefndar jafnframt starfsmaður stýrihópsins fram að júlí 2023.

Stýrihópnum var falið að stýra vinnu þar sem greint yrði verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Niðurstöður stýrihópsins voru sendar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að loknum störfum sumarið 2024 og má sjá tillögur stýrihópsins á heimasíðu SSV - Samtaka sveitafélaga á Vesturlandi [hér](#) eða á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd vinnur nú úr tillögum stýrihópsins til að fylgja eftir vinnu um framtíð Breiðafjarðar, sem hún byrjaði. Meginmarkmið nefndarinnar er áfram sem fyrr að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu fjarðarins og að umhverfis hann þrífist áfram öflugt samfélag.

⁸ Breiðafjarðarnefnd. (2021). *Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar*. http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf

Lokaorð

Breiðafjarðarnefnd markaði sér framtíðarsýn árið 2023 sem hún mun hafa að leiðarljósi á starfstíma sínum til ársins 2025. Árið 2024 fór í það að fylgja eftir framtíðarsýn og forgangsattriðum hennar, sem sett voru fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Í því samhengi telur Breiðafjarðarnefnd mikilvægt að efla rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar. Nefndin undirritaði þrjá samstarfssamninga árið 2022 og 2023 til að vinna rannsóknir á verndarsvæðinu og kláruðust tvö af þessum verkefnum árið 2024. Afrakstur þriðja rannsóknasamstarfsins er væntanlegt og verða niðurstöður birtar snemma árs 2025.

Breiðafjarðarnefnd undirritaði 2024 framhaldssamning við Náttúrufræðistofnun til vinna áfram að örnefnaskráningu Breiðafjarðarsvæðisins. Skráning örnefna er á lokametrinum og gerir Breiðafjarðarnefnd ráð fyrir að hennar framlag til verkefnisins ljúki á starfstímabili núverandi nefndar.

Breiðafjarðarnefnd telur að rannsóknir leggi grunn að vísindalegum þekkingargrunni um Breiðafjörð sem gagnast í ákvarðanatöku um framtíðarstefnu og stjórnun á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd hefur þess vegna lagt umtalsverðan hluta af fjárveitingum sínum í rannsóknir á starfstíma sínum, til að mynda u.þ.b. helming fjárheimildar nefndarinnar á árinu 2023 og 2024. Nefndin stefnir áfram á að styðja við rannsóknir með fjárframlögum og gerir ráð fyrir að veita 5 millj. króna í rannsóknir 2025, eða um 40% fjárheimildar hennar.

Áætlun Breiðafjarðarnefndar byggir á því að fjárveitingar til nefndarinnar verði svipaðar og verið hefur síðastliðin ár en augljóst er að afköst nefndarinnar væru meiri við frekari fjárveitingar.

Vernd Breiðafjarðar er á ákveðnum tímamótum eftir nær óbreytt lagaumhverfi í tæpa þrjá áratugi. Stefnumótun um framtíð verndarsvæðisins, sem Breiðafjarðarnefnd hafði frumkvæði að, heldur áfram eftir að stýrihópur ráðuneyta og fulltrúa sveitarfélaga við fjörðinn skilaði af sér niðurstöðum sumarið 2024. Breiðafjarðarnefnd heldur áfram að vinna að undirbúningi breytinga á verndarfyrirkomulagi verndarsvæðis Breiðafjarðar með nýjum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem tók til starfa á síðustu dögum ársins 2024.

Nefndin þakkar ráðherra, starfsfólki ráðuneytis og öðrum sem hún hefur átt í samstarfi við fyrir samskipti og samstarf á liðnu ári.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2024 verða þær að sjálfsögðu veittar.



Erla Friðriksdóttir, formaður

f.h. Breiðafjarðarnefndar